



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. febrúar 2017

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, 146. löggjafarþing 2016 -2017. Þingskjal nr. 141 – 84. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og lögum um tryggingagjald. Með frumvarpinu er lagt til að réttur foreldra til fæðingarorlofs og fæðingarstyrks verði hækkaður í þrepum, hækki úr núverandi níu mánuðum í 12 mánuði á árunum 2018-2019.

MRSÍ fagnar framangreindu frumvarpi og telur hér vera stigin jákvæð skref í átt að betri réttindum barna. Fyrsta árið í lífi barns verður að teljast eitt það mikilvægasta. Á þessu ári mótast barnið, myndar tengsl við fjölskyldu sína og umhverfi sem síðan er grunnur tilfinninga- og félagstengsla komandi ára. Þá hefur fyrsta árið varanleg áhrif á persónuleikabroska einstaklinga.¹ Það verður því að teljast mikilvægt að einstaklingur fái að verja þessum tíma í sem allra mestum mæli í vernduðu umhverfi foreldra sinna. Ef við horfum til nágrannaþjóða okkar sjáum við einnig að fæðingarorlof er styttra hér á landi en gerist og gengur og verður það að teljast óviðunandi.

Þá telur MRSÍ það einnig fagnaðarefni að lenging fæðingarorlofs feli ekki í sér aukna skattheimtu á borgarana heldur krefjist það endurskoðunar forgangsröðunar verkefna hins opinbera.

Gerir skrifstofan því ekki sérstakar athugasemdir við hið framlagða frumvarp.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

¹ http://www.fyrstutengsl.is/assets/vid_vissum_thad_ekki_tha.pdf